



Héraðsnefnd Árneseinga bs.

12. fundur haldinn í Tryggvaskála, Selfossi
30. apríl 2018 kl. 10:30

Ari Björn Thorarensen, formaður Héraðsnefndar Árneseinga, setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna og kynnti breytingar á dagskrá en undirrita á samning um Fablab verkefnið kl. 13:00. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Fundargerðir framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga

Fundargerðir Héraðsnefndar Árneseinga bs. nr. 11 frá 10. og 11. október var lögð fram og staðfest. Einnig voru fundargerðir framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga bs. nr. 25 frá 7. nóvember, nr. 26 frá 16. janúar, nr. 27 frá 13. mars og nr. 28 frá 24. apríl lagðar fram og staðfestar.

Til máls tóku auk formanns Gunnar Þorgeirsson og Helgi Kjartansson.

Rætt var um Alviðru og Fablab smiðju sem sett verður upp í Fsu, fjallskilasamþykktir og lífeyrisskuldbindingar.

2. Ársreikningur og fundargerðir Brunavarna Árneseyslu

Pétur Pétursson og Unna Björg Ögmundsdóttir komu inn á fundinn.

Fundargerðir stjórnar Brunavarna Árneseyslu nr. 19 frá 14. nóvember, nr. 20 frá 2. febrúar og nr. 21 frá 23. mars voru lagðar fram og staðfestar.

Úr fundargerðum var rætt um aðgerðir sem BÁ hafa tekið þátt í utan sýslunnar. Einnig var rætt um slökkvistöðina í Árnesei, samning milli Orku náttúru og BÁ. Rætt var um æfingar sem fram fara, t.d. í Helliðarvirkjun og hjá Landsvirkjun.

Til máls tóku auk formanns og slökkviliðsstjóra Gunnar Þorgeirsson og Eggert Valur Guðmundsson.

Pétur ræddi um fjölda útkalla á árinu 2017 sem voru 182 á stöðvar BÁ. Heildarútköll á tæki voru 267. Flest eru útköllin í Árborg. Útköll vegna bruna voru flest eða 86, næst á eftir eru umferðaróhöpp eða 43. Fjöldi slasaðra í umferðaróhöppum voru 80, 2 létust og fjöldi lifandi sem losa þurfti með klippum voru 4.

Fjölgun hefur orðið á útköllum milli árana 2012-2017 og milli 2016 -2017 er aukning um 26%. Ræddi hann um að kjarasamningar LSS og Sambands íslenskra sveitarfélaga

eru lausir í mars 2019. Kjarasamningshækkunarverðing 2% í júní 2018. Afturvirkar hækkunarverðingar vegna launaskriðs komu í byrjun árs 1%, samtals 3% á árinu 2018. Pétur fór yfir tölfraði yfir bílaumferð í umdæmi Árnæssýslu. Bílaumferð hefur aukist gríðarlega á árunum 2012-2017. Aukning á þessum tíma milli Hveragerðis og Selfoss er um 54,1% og um Hellisheiðina um 50%, mest hefur aukningin þó verið á milli Geysis og Gullfoss eða 240,7%.

Sýndi hann þróun íbúafjölda og brunabótamats í sýslunni í sambandi við árlega eftirlitsáætlun B.A. um eldvarnareftirlit í sýslunni. En slökkviliðsstjóra er skylt að gefa út skýrslu um framkvæmd eftirlits ár hvert. Allir staðir sem hafa verið skoðaðir eru skráðir í miðlægan skoðanagrunn slökkviliða og fór hann yfir nokkra staði í sýslunni og sýndi stöðuna á eftirliti.

Pétur fór yfir ársreikning Brunavarna Árnæssýslu og svaraði spurningum.

Til máls tóku auk formanns og slökkviliðsstjóra Helgi S. Haraldsson, Árni Eiríksson, Kjartan Björnsson, Gunnar Þorgeirsson, Auðunn Hermannsson, endurskoðandi, Arna Ír Gunnarsdóttir, Eyþór Ólafsson og Björgvin Skafti Bjarnason.

Ársreikningur Brunavarna Árnæssýslu var lagður fram og staðfestur.

3. Ársreikningur og fundargerðir Almanna- og Almannavarna Árnæssýslu

Fundargerð framkvæmdaráðs Almanna- og Almannavarna Árnæssýslu nr. 21 frá 23. mars var lögð fram og staðfest.

Fundargerð almanna- og Almannavarnarnefndar Árnæssýslu nr. 25 frá 18. desember var lögð fram og staðfest.

Ásta Stefánsdóttir fór yfir stöðu á samstarfsverkefnum við lögregluna og ræddi um almanna- og Almannavarnarvikur sem haldnar voru í sveitarfélögunum. Rætt var um uppbyggingu á nýrri stjórnstöð á Selfossi og um ferð fulltrúa almanna- og Almannavarnarnefndar til Ítalíu.

Pétur fór yfir ársreikning Almanna- og Almannavarna og svaraði fyrirspurnum.

Til máls tók auk formanns, slökkviliðsstjóra og Ástu Stefánsdóttur, Gunnar Þorgeirsson.

Ársreikningur fyrir Almanna- og Almannavarnir var lagður fram og staðfestur.

4. Ársreikningur Héraðsnefndar Árnæssýslu

Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður, fór yfir reikninginn. Reikningurinn var lagður fram og staðfestur.

Til máls tók auk formanns, Gunnar Þorgeirsson.

Hádegishlé

Myndataka

Skrifað var undir samning um Fablab verkefni milli FSu, SASS, Háskólafélags Suðurlands og Héraðsnefndar Árnesinga. Þeir sem undirrituðu samninginn voru Olga Lísu Garðarsdóttir, Gunnar Þorgeirsson, Sigurður Sigursveinsson og Ari Björn Thorarensen. Einnig voru viðstödd Sigurður Þór Sigurðsson, Atorku, Ingunn Jónsdóttir, Háskólafélaginu og Bjarni Guðmundsson SASS.

5. **Ársreikningur og fundargerðir Tónlistarskóla Árnesinga**

Helga Sighvatsdóttir og Jóhann Stefánsson komu inn á fundinn.

Fundargerðir stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga nr. 184 frá 23. október, nr. 185 frá 30. október, nr. 186 frá 4. desember, nr. 187 frá 2. febrúar og nr. 188 frá 27. febrúar voru lagðar fram og staðfestar.

Sérstaklega var rætt um lið 4 í fundargerð 187, líkamsræktarstyrki.

Til máls tóku auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir, Ásta Stefánsdóttir, Kjartan Björnsson, Helgi Kjartansson, Njörður Sigurðsson, Sandra Dís Hafþórstóttir, Gunnar Egilsson og Gunnar Þorgeirsson.

Aldís Hafsteinsdóttir tók til máls og gerði athugasemd við uppröðun á fundarsal. Einnig ræddi hún í framhaldi af umræðu um líkamsræktarstyrk að það væri umhugsunarvert að gera starfsmannastefnu fyrir stofnanir sem eru undir Héraðsnefnd Árnesinga.

Helga byrjaði á að þakka Róberti Darling fyrir farsælt starf við skólann sl. 34 ár en Helga tók við skólastjórastarfinu í upphafi árs og var Jóhann Stefánsson í framhaldi ráðinn aðstoðarskólastjóri.

Helga ræddi um að fjárhagsáætlun hafi staðist en kjarasamningar FT við SNS runnu út 31. mars sl. og er það von þeirra að samið verði sem allra fyrst. Um leið og kjarasamningar hafa verið undirritaðir þarf að skoða fjárhagsáætlun TÁ.

Mikil vinna hefur farið í vinnu vegna nýrra persónuverndarlaga en stjórnendur hafa fengið kynningu á þessum lögum og í framhaldi af kynningarfundum höfðu þeir samband við Héraðsskjalasafn Árnesinga um flokkun skjala og skjalavörslu í samræmi við ný lög.

Fyrirhugað er að taka í notkun greiðslukefið Nóra og gefa forráðamönnum kost á að nýta sér frístundastyrki um leið og skólagjöld eru greidd.

Ræddi hún um uppgjör við Brú lífeyrissjóð.

Í upphafi árs sóttu öryggisvörður (skólastjóri) og öryggistrúnaðarmaður kennara námskeið hjá Vinnueftirlitinu og í framhaldi af því var farið yfir öryggismál á kennslustöðum.

Stjórnendur TÁ hafa verið í undirbúningshópi vegna nýs grunnskóla í Björkurstykki í Árborg með það að markmiði að hægt verði að vera með tónlistarkennslu þar. Einnig fór skólastjóri til Póllands og flutti þar erindi um tónlistarskólakerfið á Íslandi og kynnti starfsemi TÁ.

Stefnt er að því næsta vetur að bjóða upp á meiri fjölbreytni í rytmísku hljóðfæranámi við skólann og bjóða upp á kennslu á skólatíma í Vallaskóla en aðrir skólar í sýslunni hafa boðið upp á þetta um tíma. Áfram verður haldið með hljóðfærakynningar í 2.

bekk grunnskóla en þessar kynningar hafa komið vel út og eru kennarar og nemendur mjög ánægðir með þetta framtak.

Próf hafa gengið vel sem af er en einn nemandi lýkur framhaldsprófi í hljóðfæraleik í vor. Tónleikahaldið er búið að vera mjög líflegt og gjöfult í vetur. Þema vetrarins var Hafíð og hefur viðfangsefnið litað efnisskrá tónleikanna á skemmtilegan hátt. Kennarar skólans eru mjög duglegir að viðhalda þekkingu sinni í starfi og efla sig sem tónlistarkennara. Tveir kennarar eru að fara í námsleyfi en búið er að ráða kennara í þeirra stað og verið er að auglýsa eftir fleiri kennurum.

Í lokin ræddu þau um að tónlistarkennaranám hafi ekki verið í boði hér á landi á 10-12 ára tímabili og hræðast þau að það komi tímabil sem ekki verður auðvelt að fá kennara til starfa. En úr þessu hefur þó verið bætt, fyrir 2-3 árum hófst á ný kennaranám til tónlistarkennslu.

Til máls tóku auk formanns Halldóra Hjörleifsdóttir, Helgi S. Haraldsson og Arna Ír Gunnarsdóttir.

Helga fór yfir ársreikninginn og svaraði spurningum.

Ársreikningur Tónlistarskóla Árnesinga var lagður fram og staðfestur.

6. Ársreikningur og fundargerðir Byggðasafns Árnesinga

Lýður Pálsson kom inn á fundinn.

Fundargerðir stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 15 frá 19. febrúar og nr. 16 frá 23. apríl voru lagðar fram og staðfestar.

Lýður ræddi um bréf frá Brú lífeyrissjóði og uppgjör vegna þess.

Staða húsnæðismála fyrir safnið var rædd og ræddi Lýður um þá möguleika sem þar eru í boði. Mögulegt er að stækka Hafnarbrú 3 um 3 bil og búið er að fá tilboð frá Árvirkjanum í stækkun upp á 180 fermetra. Lýður er einnig búinn að hafa samband við Jötun og Landstólpa og gera verðkönnun í frístandandi húsnæði en eins og oft hefur verið rætt þá þarf að stækka geymslurými safnsins þar sem að Mundakotsskemman stenst ekki kröfur og beðið hefur verið um varðveislu á munum frá byggðasafni Ölfuss en þeir munir eru núna geymdir í úpphituðu húsnæði. Í Mundakotsskemmu eru núna 5 bátar sem þurfa að komast í viðunandi geymslurými. Hann sér fyrir sér að hægt væri að færa muni úr Hafnarbrú og setja yfir í frístandandi skemmu og setja þar í staðinn hluti sem þurfa að vera í upphituðu rými og meiri einangrun.

Fyrirhugað er að mála Kirkjubæ að utan í sumar.

Páskasýningunni var vel tekið og voru margir Pólverjar sem komu á safnið í kjölfarið. Einnig var sýning á Vori í Árborg en þar voru teknir fyrir gripir frá öllum sveitarfélögunum sem koma að Árborg og sýndir, þá var einnig tekinn í notkun ratleikur fyrir safnið og kom vel út og verður spennandi að sjá hvernig hann mun koma út í sumar.

Næstkomandi föstudag verður opnuð sýning í safninu sem heitir Marþræðir en Ásta Vilhelmína Guðmundsdóttir, listakona, vinnur að þessari sýningu fyrir safnið.

Til máls tóku auk formanns Gunnar Egilsson, Njörður Sigurðsson, Sveinn Steinarsson, Eggert Valur Guðmundsson, Gunnar Þorgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ásta Stefánsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Halldóra Hjörleifsdóttir og Árni Eiríksson.

Fundur Héraðsnefndar Árnésinga leggur til að stjórn Byggðasafns Árnésinga komi með fastmótaða tillögu að geymsluhúsnæði og leggi fyrir sumarfund HÁ.

Lýður fór yfir ársreikning og svaraði fyrirspurnum.

Til máls tóku auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir og Gunnar Þorgeirsson.

Ársreikningur Byggðasafns Árnésinga var lagður fram og staðfestur.

7. **Ársreikningur og fundargerðir Héraðsskjalasafns Árnésinga** Þorsteinn Tryggvi Músson kom inn á fundinn.

Fundargerðir stjórnar Héraðsskjalasafns Árnésinga frá 30. janúar, 14. febrúar og 18. apríl var lagðar fram og staðfestar.

Þorsteinn fór yfir tímabilið 2014 – 2018. Miklar breytingar hafa orðið á safninu á ekki lengri tíma. Starfsmannafjöldi hefur aukist og stafa nú 3 starfsmenn við safnið í fullu starfi og vinna þessir starfsmenn mjög vel saman og getur safnið nú enn betur unnið með sveitarfélögunum.

Með breytingum á lögum safna varð mikil breyting á safninu þar sem nú er hægt að vísa meira í lög. Það þarf þó að fá hækkun á framlagi til safnsins.

Þorsteinn er mjög ánægður með stjórnina sem hann hefur haft þetta kjörtímabil en hann sendir á hana reglulega uppfærslu um stöðu mála á safninu og eru stjórnarmenn ánægðir með þau vinnubrögð.

Það er óhætt að segja að þeim gangi vel að fylla upp í nýja geymsluhúsnæðið, nú eru aðeins eftir um 128 hillumetrar sem verða fljótir að fyllast, það þarf því að fara að huga að frekara geymsluhúsnæði. Jafnvel þarf að fara að huga að nýju húsnæði undir safnið í heild sinni þar sem að Ráðhús Árborgar þarf á einhverjum tímapunkti að nýta sjálft það rými sem safnið sem er í.

Frá því að Þorsteinn tók við safninu hefur skjalamagnið tvöfaldast. Safnið hefur verið að svara að meðaltali um 900 -1000 fyrirspurnum á ári á þessu kjörtímabili.

Eftirlit og ráðgjöf hefur orðið öflugra á þessum árum sem í kjölfarið sparar sveitarfélögunum pening og er einnig skilvirkara fyrir vikið.

Heimsóknarplan til sveitarfélaga hefur ekki verið að standast eins og æskilegt væri en eru þó að fara í þó nokkuð fleiri heimsóknir en verið hefur.

Varðandi vefsíðuna þá er búið að koma inn mjög mörgum fundargerðarbókum frá hinum ýmsu aðilum og er stefnt á að setja inn enn fleiri. Fengist hefur styrkur til miðlunarverkefnisins og er safnið nú farið að selja sínar lausnir til annarra.

Safnið hefur verið mjög duglegt að sækja sér styrki til ýmissa verkefna m.a. miðlunarverkefnisins og í sambandi við byggingarfulltrúann.

Mikil vinna er í ljósmyndaverkefninu en enn á eftir að skrá um 200.000 myndir, það er mikill tími og vinna sem fer í það.

Þorsteinn hefur m.a. farið og skoðað húsnæði SASS en það húsnæði er ekki að henta fyrir starfseminu þar sem að erfitt er að vera með skjalasafn á annarri hæð vegna umfangs skjala.

Í lokin ræddi hann um erindi frá Brú lífeyrissjóði og svaraði fyrirspurnum um ársreikning.

Til máls tóku auk formanns Sveinn Steinarsson, Njörður Sigurðsson og Gunnar Þorgeirsson.

Ársreikningur Héraðsskjalasafns Árnesinga var lagður fram og staðfestur.

8. Ársreikningur og fundargerðir Listasafns Árnesinga

Inga Jónsdóttir kom inn á fundinn.

Inga sýndi fyrst myndband með þeim sýningum sem hafa verið í Listasafninu á árinu og þeim viðburðum sem þar höfðu átt sér stað. Mátti þar sjá listasýningar, söng- og leikhópa, einnig sást hvað börnin fá að njóta sín í safninu bæði innandyra sem utan. Svo eru haldin námskeið í safninu og tónleikar.

Gestir safnsins á árinu voru 9.630.

Nýlega voru opnar tvær nýjar sýningar í safninu, önnur sýningin heitir Undirstaða og uppspretta en sú sýning er öll í eigu safnsins sjálfs en safnið fékk nýlega að gjöf listaverkasafn Valtýs Péturssonar og eru flest verkin á sýningunni þaðan. Hin heitir Þjórsá eftir Borghildi Óskarsdóttur, þar má m.a. sjá myndband sem tekið var nú í vor frá ósnum við Þjórsá og upp á hálendið. Í fyrstu viku af maí verður samvinna milli Listasafns Árnesinga, Listalestar Listaháskóla Íslands og nemenda úr 8. og 9. bekk grunnskólanna í Hveragerðis, Stokkseyri/Eyrarbakka, Þorlákshöfn og Flóaskóla en nemendur skólanna vinna sama að verkum sem munu svo enda á stórrí sýningu 4. maí nk.

19. maí á svo að opna nýja sýningu HVER/GERÐI sem er margmiðlunarsýning. Við opnunina verður tónlistargjörningur /spuni. Á Blómstrandi dögum mun verða opnuð sýning eftir Halldór Einarsson en einnig verða þar verk eftir 4 aðra listamenn. Í nóvember mun svo verða opnuð margmiðlunarsýning um bónda í Flóa.

Búið er að ráða tvo fræðslustjóra í ½ starf og verður gaman að sjá þær breytingar sem verða á safninu með tilkomu þeirra.

Búið er að endurnýja lagnir í safninu, það sem liggur fyrir núna er að laga loftræstislagnirnar.

Fundargerðir stjórnar Listasafns Árnesinga frá 27. febrúar og 10. apríl voru lagðar fram og staðfestar.

Til máls tóku auk formanns og Ingu, Kjartan Björnsson og Gunnar Þorgeirsson.

Ársreikningur Listasafns Árnesinga var lagður fram og staðfestur.

9. Önnur mál

a) Alviðra

Árni Eiríksson tók til máls og sagði frá fundi sem hann og Ari formaður HÁ áttu með Landvernd um Laxabakkahús. Það er ekkert land sem fylgir þessu húsi samkvæmt lögmanni sem hefur skoðað þessi mál og ekki er til neinn lóðarleigusamningur með húsinu en Héraðsnefnd er ekki tilbúin að gefa eftir land sem hann vill fá í skiptin fyrir húsið. Málið er enn í bið. Landsfundur Landverndar er í dag og var áætlað að ræða þessi mál þar. Spurningin er hvort það þurfi ekki að fara að gera eitthvað með húsið í

Alviðru, húsið er í niðurníðslu og er jafnvel besti kostur að rífa það. Spurning hvort að það sé hægt að gera eitthvað fyrir svæðið og gera það að útivistarsvæði fyrir íbúa sýslunnar.

Auk formanns tók til máls Gunnar Egilsson, Gunnar Þorgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Helgi S. Haraldsson.

b) Fjallskilasamþykkt

Ari sagði frá því að fjallskilasamþykkt sé í ákveðnu ferli.

Auk formanns tóku til máls Gunnar Þorgeirsson og Gunnar Egilsson.

Ekki voru fleiri mál til umræðu. Ari þakkaði fundarmönnum og starfsmönnum fyrir góða samvinnu og samveru á kjörtímabilinu sem senn er að líða og þakkaði sérstaklega þeim sveitarstjórnarmönnum sem ekki gefa kost á sér í komandi kosningum, þakkar þeim vel unnin störf í þágu héraðsnefndar. Óskaði hann nefndarmönnum góðrar heimferðar.

Farið var í ferð um Árborg þar sem fangelsið á Litla-Hrauni var skoðað og farið í heimsókn til Margrétar Katrínar Erlingsdóttur og Jónasar Lilliendahls að stóra Aðalbóli í Tjarnabyggð, í lokin var matur í Tryggvaskála.

Fundinn sátu: (sign)

Ari Björn Thorarensen	Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir	Árborg
Aldís Hafsteinsdóttir	Hveragerði
Halldóra Hjörleifsdóttir	Hrunamannahreppur
Sveinn S. Steinarsson	Sveitarfélagið Ölfus
Gunnar Þorgeirsson	Grímsnes- og Grafningshreppur
Árni Eiríksson	Flóahreppur
Björgvin Skafti Bjarnason	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Ármann Einarsson	Sveitarfélagið Ölfus
Helgi Kjartansson	Bláskógabyggð
Eyþór H. Ólafsson	Hveragerði
Njörður Sigurðsson	Hveragerði
Ásta Stefánsdóttir	Árborg
Helgi S. Haraldsson	Árborg
Kjartan Björnsson	Árborg
Gunnar Egilsson	Árborg
Sandra Dís Hafþórsdóttir	Árborg
Eyrún Björg Magnúsdóttir	Árborg
Eggert Valur Guðmundsson	Árborg
Ingibjörg Garðarsdóttir	fjárhaldsmaður
Rósa Sif Jónsdóttir	ritari